

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 21. maí 2026.

Mál nr. 353/2025:

Ákærvaldið

(Dröfn Kærnested saksóknari)

gegn

X

(Björgvin Halldór Björnsson lögmaður)

(Valgerður Dís Valdimarsdóttir réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Sýkna. Sönnun.

Útdráttur

X var ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa á heimili sínu, án samþykkis og með ólögum nauðung, haft samræði og önnur kynferðismök við A. Með hinum áfrýjaða dómi var X sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Landsréttur taldi ósamræmi í framburði X draga nokkuð úr trúverðugleika hans, en að framburður A um atvik málsins hefði verið trúverðugur. Framburður B, vinkonu A sem var viðstödd er atvik gerðust, var talinn hafa takmarkað sönnunargildi þar sem frásögn hennar blandaðist saman við það sem hún sagði að brotþoli hefði sagt frá eftir á, auk þess sem hún lýsti atvikum sem hún gat með engu móti skynjað af eigin raun. Því yrði sakfelling X ekki reist á framburði hennar. Önnur gögn málsins voru ekki talin fullnægjandi stöð undir sakfellingu X gegn eindreginni neitun hans, en í því tilliti var litið til þess að vafi sem uppi væri í málinu lyti að því hvort og þá hvenær X hefði verið eða mátt vera ljóst að kynmök hans og A hefðu ekki farið fram með samþykki hennar. Ekki væri því hæft yfir skynsamlegan vafa að ásetningur X hafi staðið til þess að brjóta gegn A þannig að það varðaði við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Var hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um sýknu X.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Kristbjörg Stephensen og Eiríkur Elís Þorláksson settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 9. apríl 2025. Málgögn bárust réttinum 27. október sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 24. mars 2025 í málinu nr. S-2228/2024.
- Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og dæmdur til refsingar.

- 3 Ákærði krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sýknu hans af kröfu ákæruvaldsins. Þá krefst hann sýknu af einkaréttarkröfu brotþola en til vara að henni verði vísað frá dómi. Að því frágengnu krefst hann þess að hún verði lækkuð.
- 4 Brotþoli, A, krefst þess að ákærði greiði sér 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 12. febrúar 2023 til 1. nóvember 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hún ómerkingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar einkaréttarkröfu hennar.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi og þar er einnig gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi.
- 6 Fyrir Landsrétt hefur ákæruvaldið lagt fram móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings frá neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis 12. febrúar 2023. Sama skýrsla var lögð fram í héraði en þar vantaði tvær blaðsíður, það er síðu með almennri lýsingu á atvikum og blaðsíðu þar sem almennu ástandi brotþola á neyðarmóttöku er lýst. Í atvikalýsingunni, sem sögð er að mestu höfð eftir vitninu B, segir að hún og brotþoli hafi beðið ákærða um að fá að gista hjá honum þar sem þær hafi ekki komist heim til sín. Ákærði hafi sagt vitninu að fara að sofa og byrjað svo að áreita brotþola kynferðislega. Brotþoli hafi beðið hann um að bíða með kynlíf þar til daginn eftir en ákærði haldið áfram. Hann hafi tekið í höndina á brotþola og sett á kynfæri sín og svo haft við hana samfarir. Í lýsingunni er getið um ungan son ákærða og sagt að hann hafi verið sofandi meðan ætlað brot átti sér stað.
- 7 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum ákærða, brotþola og vitnisins B í héraði en öll gáfu þau viðbótarskýrslur fyrir Landsrétti. Framburður þeirra fyrir dóminum var í öllum aðalatriðum á sama veg og fyrir héraðsdómi. Einnig voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum sem vitnin D, E, M og C gáfu fyrir héraðsdómi.

Niðurstaða

- 8 Ákærða er gefin að sök nauðgun sem talin er varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa án samþykkis og með ólögumætri nauðung haft samræði og önnur kynferðismök við brotþola eins og nánar er lýst í ákæru. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sýknaður af þeim sakargiftum.
- 9 Svo sem greinir í héraðsdómi ber annars vegar ákærða og hins vegar brotþola og vitninu B í stórum dráttum saman um aðdraganda þess að þau þrjú fóru saman að heimili ákærða sem og aðstæður á heimili hans þegar þangað var komið. Misræmi er á hinn bóginn í framburði þeirra um ýmis atriði er varða það hvað fór fram í kjölfarið, svo sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

- 10 Ákærði hefur staðfastlega neitað sök. Við mat á trúverðugleika framburðar ákærða ber að líta til þess að nokkurs ósamræmis gæti í framburði hans hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi. Í héraðsdómi er því lýst að misræmi hafi verið í framburði hans varðandi það hvar barn hans var umrædda nótt en framburður hans í heild metinn trúverðugur. Misræmi er um ýmis önnur atriði í framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi. Þannig kom meðal annars fram í skýrslu hans hjá lögreglu að kynmök þeirra brotþola hafi hafist á því að brotþoli hafi strokið lim hans og hann nuddað sníp hennar. Fyrir dómi lýsti hann atvikum að þessu leyti á annan veg og bar að þau hefðu ekki snert kynfæri hvort annars heldur haldið utan um hvort annað en síðar í skýrslunni sagði hann að það gæti verið að hann hafi strokið sníp hennar en hann myndi það ekki vel. Hjá lögreglu bar ákærði að hann hefði spurt brotþola hvort hún vildi hafa samfarir, og hún svarað því játandi, en fyrir dómi svaraði hann, spurður um hvernig hann hafi vitað að brotþoli vildi stunda kynlíf, að hún hefði spurt hvort þau gætu gert þetta hljóðlega því vinkona hennar væri í rúminu. Þá lýsti hann því fyrir lögreglu að samförum þeirra hefði lokið með því að brotþoli hefði allt í einu orðið eitthvað skrýtin, hún „bara svona einhvern veginn slaknaði öll niður og eitthvað“ og þá hafi þau hætt. Á öðrum stað í skýrslunni sagði hann að vitnið B hefði ýtt við brotþola og beðið hana að koma með sér inn á baðherbergi. Fyrir dómi bar hann að brotþoli hefði sagt „bíddu aðeins“ og þá hefði hann stoppað og hún farið inn á baðherbergi. Þetta ósamræmi, sem ákærði gat ekki að öllu leyti gefið fullnægjandi skýringar á fyrir dómi, dregur að nokkru úr trúverðugleika framburðar hans.
- 11 Í öllum meginatriðum hefur verið innbyrðis samræmi í framburði brotþola hjá lögreglu og fyrir dómi. Er að mati dómsins ekkert fram komið sem rýrir trúverðugleika framburðar hennar. Svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi bar brotþoli að hún hefði margítrekað sagt ákærða að hún vildi ekki stunda kynlíf með honum en hann hafi virt þann vilja hennar að vettugi. Fyrir dómi lýsti hún því nánar þannig að þau þrjú, ákærði, brotþoli og vitnið B, hefðu lagst í rúmið í herbergi ákærða og hún og ákærði byrjað að kyssast. Fljótlega hefði ákærði farið með hönd sína inn á hana og byrjað að „putta“ hana en hún ýtt hendi hans burt og sagt honum að hún vildi gera þetta seinna því að B væri þarna. Síðar hefði hún spurt hvort þau gætu ekki gert þetta á morgun. Þá greindi brotþoli einnig frá því að ákærði hefði ítrekað tekið hönd hennar og fært hana á lim sinn en hún jafnharðan dregið höndina til baka. Bar hún að ákærði hefði í engu skeytt um vilja hennar og haldið ágengni sinni áfram og spurt B hvort hún vildi ekki bara vera með, sem hún hefði neitað. Síðar hefði ákærði fært sig til í rúminu og lagst milli brotþola og B og ýtt brotþola á hlið, lyft upp kjól hennar og fært nærbuxur hennar til hliðar og hafið samfarir við hana. Bar brotþoli að hún hefði orðið hrædd, frosið og farið að gráta en hún viti þó ekki hvort neinn hafi heyrt hana gráta. Spurð um hvernig samförunum hefði lokið sagði brotþoli að ákærði hefði áttað sig á því að hún tæki engan þátt og hann þá spurt hana hvort þau gætu hist á morgun. Hún hefði játað því til þess að geta lokið þessu og farið heim. Að því búnu hefðu hún

og B farið saman inn á baðherbergi og hringt þar í vin sinn, vitnið D, sem hafi komið skömmu síðar og sótt þær. Hjá lögreglu bar brotþoli á líkan veg um þessa atburðarás.

- 12 Fyrir liggur að vitnið B kom með brotþola á heimili ákærða og lá með þeim í rúminu. Framburður hennar hjá lögreglu um það sem gerðist meðan á kynmökum ákærða og brotþola stóð ber í meginatriðum saman við framburð brotþola, þar á meðal um það hvernig ákærði hafi reynt að færa hönd brotþola á kynfæri sín. Fyrir dómi lýsti vitnið atvikum á þann veg að hún hefði lagst í rúmið og lokað augunum en verið vakandi allan tímann. Skömmu eftir að þau voru lögst í rúmið hefði brotþoli eða einhver slegið hana í bakið. Síðar hefði hún heyrt brotþola segja nei og að hún vildi þetta ekki núna. Síðar í framburði sínum bar hún að brotþoli hefði sagt „stopp, ég vil ekki gera þetta, ekki gera þetta, ég vil bara ekki gera þetta“, en ákærði hefði ekki hætt. Brotþoli hefði haldið áfram að segja þetta. Vitnið segist hafa áttað sig á því hvað væri í gangi, það er að ákærði væri að nauðga brotþola, en hún hefði frosið og ekki getað komið vinkonu sinni til hjálpar fyrr en brotþoli hefði slegið hana í bakið í annað eða þriðja sinn. Þá hefði hún risið úr rúminu og dregið brotþola með sér inn á baðherbergi. Vitnið bar að það hefði ekki átt að fara á milli mála að brotþoli vildi ekki stunda kynmök í ljósi þess hve oft hún sagði nei án þess að ákærði léti af háttsemi sinni. Spurð um það af hverju hún hefði frosið útskýrði vitnið það á þann hátt að hún hefði verið stressuð, verið „í sjokki“ og ekki getað staðið upp.
- 13 Við mat á áreiðanleika vitnisburðar B er óhjákvæmilegt að líta til þess í hve ríkum mæli frásögn hennar fyrir dómi og í enn ríkari mæli hjá lögreglu blandast saman við það sem hún segir að brotþoli hafi sagt frá eftir á, inni á baðherbergi heima hjá ákærða. Hún lýsir jafnframt neitun brotþola með enn sterkari orðum en brotþoli sjálf ber um að hún hafi tjáð sig með. Þá lýsir hún atvikum sem hún gat með engu móti skynjað af eigin raun þar sem fyrir liggur samkvæmt framburði allra þriggja að hún sneri baki í ákærða og brotþola og sá ekki það sem fram fór. Þá verður að meta framburð hennar með hliðsjón af tengslum hennar við brotþola. Framangreint dregur nokkuð úr sönnunargildi framburðar vitnisins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 14 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir sönnunarbyrðin um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sönnunargögn. Í þessum sönnunarkröfum felst að telji dómari skynsamlegan vafa leika á um að ákærði hafi framið þann verknað sem honum er gefinn að sök í máli, beri að sýkna hann. Í sönnunarbyrði ákærvaldsins felst að færa þarf fram nægjanlega sönnun þess að ásetningur ákærða hafi staðið til að nauðga brotþola, enda verður aðeins refsað fyrir gáleysisbrot að sérstök heimild sé til þess í lögum.

- 15 Sem fyrr segir hefur ekkert komið fram sem dregur úr trúverðugleika framburðar brotþola. Við mat á því hvort hann fái næga stoð í öðrum sönnunargögnum er fyrst og fremst að líta til frásagnar vitnisins B. Framburður hennar hefur takmarkað sönnunargildi með hliðsjón af því sem áður er rakið. Því er ekki unnt að byggja sakfellingu á framburði hennar. Gögn málsins og framburður annarra vitna, þar með talin skýrsla sálfræðingsins I, og framburður hennar fyrir dómi, renna heldur ekki fullnægjandi stoð undir sakfellingu ákærða gegn eindreginni neitun hans. Verður í því efni að hafa í huga að vafinn sem uppi er í málinu lýtur að því hvort og þá hvenær ákærða hafi verið eða mátt vera ljóst að kynmök hans og brotþola hafi ekki farið fram með samþykki hennar. Samkvæmt framansögðu verður að fallast á það með héraðsdómi að ekki sé sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að brjóta gegn brotþola þannig að varði við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Verður því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.
- 16 Brotþoli hefur í málinu uppi einkaréttarkröfu um greiðslu miskabóta úr hendi ákærða. Héraðsdómur sýknaði ákærða af kröfum ákæruvaldsins og í samræmi við það var einkaréttarkröfu brotþola vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt 5. mgr. 193. gr. laganna getur brotþoli án kæru komið að kröfu fyrir Landsrétti um ómerkingu og heimvísun hvað einkaréttarkröfuna varðar. Krafa brotþola getur á hinn bóginn ekki tekið til þess að krafan verði dæmd efnislega svo sem hún gerir aðallega kröfu um. Í ljósi þessa og niðurstöðu málsins verður staðfest ákvæði hins áfrýjaða dóms um frávísun einkaréttarkröfu brotþola. Af því leiðir jafnframt að varakröfu brotþola um ómerkingu á niðurstöðu héraðsdóms um frávísun einkaréttarkröfu er hafnað.
- 17 Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, X, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, 1.400.000 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, A, Valgerðar Dísar Valdimarsdóttur lögmanns, 600.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 24. mars 2025

I

Mál þetta, sem dómtekið var 7. febrúar 2025, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara frá 19. september 2024 á hendur X, kt. [...], [...]:

„fyrir nauðgun, með því að hafa að morgni sunnudagsins 12. febrúar 2023, á heimili sínu að [...], án samþykkis og með ólögumætri nauðung haft samræði og önnur kynferðismök við A, kt. [...], en ákærði setti hönd A endurtekið á lim sinn, stakk fingrum í leggöng hennar og hafði við hana samræði en A reyndi með orðum og athöfnum að fá ákærða til að láta af háttseminni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Gerir ákærvaldið kröfu um að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu er höfð uppi einkaréttarkrafa:

„Af hálfu A, [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 3.000.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 12. febrúar 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan þessi [svo] er kynnt fyrir ákærða en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga til greiðsludags auk þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.“

Ákærði krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar er lög framast leyfa. Þá krefst ákærði frávísunar einkaréttarkröfu, til vara sýknu af einkaréttarkröfu en til þrautavara að hún verði lækkuð verulega. Jafnframt gerir ákærði þá kröfu að málsvarnarlaun verjanda hans verði greidd úr ríkissjóði.

II

Málsatvik

Þann 14. febrúar 2023 mætti brotþoli á lögreglustöðina við Hverfisgötu og gaf skýrslu þar sem hún lýsti meintu kynferðisbroti ákærða sem átt hafi sér stað aðfaranótt sunnudagsins 12. febrúar sama ár á heimili ákærða að [...]. Lýsti brotþoli atvikum með þeim hætti að hún og vinkona hennar, B, hefðu farið á veitingastaðinn [...] í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudagsins 12. febrúar þar sem þær hafi meðal annars hitt fyrir ákærða X sem hafi setið þar við „flöskuborð“. Greinir í skýrslunni að stuttu síðar hafi brotþoli og vinkona hennar haldið aftur á heimili brotþola í [...] Þær hafi síðar sömu nótt haft samband við ákærða í gegnum samskiptaforritið Snapchat og spurt hann hvort þau gætu hist. Úr hafi orðið að ákærði sótti þær á heimili brotþola í leigubíl sem ekið var af vitninu C, vini ákærða, sem ók þeim að heimili ákærða að [...] í [...]. Greindi brotþoli frá því að á leið þangað hefði ákærði spurt B hvort hún vildi ekki fara heim með C, en hún hafi ekki viljað það. Þegar að heimili ákærða var komið hafi brotþoli, ákærði og vitnið B yfirgefið leigubílinn en C haldið leið sinni áfram.

Greindi brotþoli svo frá að ákærði, sem byggi í herbergi á neðri hæð hússins, hafi boðið þeim tveimur þangað inn. Að sögn brotþola hafi þar verið fyrir ungabarn í rimlarúmi, sem brotþoli taldi vera um tveggja ára gamlan dreng, og hafi barnið verið vakandi. Þau hafi öll sest niður á tvíbreitt rúm sem var í herberginu og hafi ákærði byrjað að kyssa brotþola, þ.e. þau „farið í sleik“. Aðspurð hvort hún hafi tekið þátt í því svaraði hún: „Hvað annað átti ég að gera?“ Þá hafi ákærði beðið B að „fara að sofa“. Hann hafi lyft upp kjól brotþola en hún hafi reynt að koma í veg fyrir það með því að „byrja samræður“ við B, en ákærði hafi haldið því áfram og ítrekað sagt B að fara að sofa. Í framhaldinu hafi ákærði fært sig yfir á mitt rúmið og sett hönd brotþola á getnaðarlim sinn og hún „runkað“ honum, líkt og hann hafi viljað að hún gerði. Þá hafi ákærði á sama tíma snert kynfæri brotþola. Kvaðst brotþoli hafa ýtt hendi hans „bara eins

fast“ og hún hafi getað en ákærði haldið áfram. Hafi brotápoli þá sagt við ákærða: „Getum við gert þetta seinna? B er hérna. Mig langar ekki að gera þetta þegar B er hérna.“ Kvaðst hún hafa sagt þetta „örugglega svona tíu sinnum“ en ákærði ávallt sagt: „nei, þetta er allt í lagi, hún er sofandi“. Kvaðst brotápoli þá hafa sagt við ákærða: „Getum við gert þetta á morgun? Mig langar ekki, þú veist.“ Ákærði hafi þá sagt brotápoli að snúa sér á hlið, fært nærbuxur hennar „til hliðar“ og átti þannig við hana samfarir um leggöng aftan frá. Að sögn brotápoli hafi hún verið hrædd við ákærða og frosið. Kvaðst brotápoli hafa grátið og margsgagt við ákærða að hún vildi þetta ekki. Kvaðst hún þó aðspurð ekki halda að ákærði hafi heyrt grát hennar, enda hafi hún ekki viljað að hann heyrði í henni. Þá hafi hún sagt ákærða að hún vildi ekki gera þetta þegar B væri þarna og reyndi á sama tíma að pota í B, sem hafi látið sem hún væri sofandi og ekkert aðhafst, en brotápoli kvaðst jafnframt hafa skynjað ótta B. Sagði brotápoli ákærða hafa haldið áfram að eiga við sig samfarir, en hún sagt honum að það vildi hún ekki. Hafi ákærði loks spurt brotápoli hvort hún vildi hitta sig „á morgun og klára þetta“ sem brotápoli hafi fallist á og hafi ákærði þá hætt. Kvaðst brotápoli þá hafa farið á salernið ásamt vinkonu sinni, B. Þar hafi hún hágrátið og greint B frá því að ákærði hefði nauðgað sér. Hafi þær reynt að ná sambandi við einhvern sem gæti ekið þeim heim, en það ekki gengið. Greindi brotápoli svo frá að ákærði hafi opnað baðherbergisdyrnar og spurt þær hvort allt væri í góðu lagi. Hafi B svarað því játandi, „[brotápoli] er bara að æla“.

Að sögn brotápoli hafi þær í framhaldinu náð samband við vin sinn, vitnið D, sem hafi sótt þær á bifreið og ekið þeim á neyðarmóttöku Landspítala í Fossvogi þar sem hún hafi gengist undir læknisskoðun. Hún hafi hins vegar ekki viljað tilkynna atvikið til lögreglu fyrr en hún hefði rætt það við móður sína. Hún hafi því farið heim til sín, sofið í um 16 klukkustundir samfleytt áður en hún hafi rætt við móður sína, E.

Brotápoli kvaðst ekki hafa verið samþykkt samförunum og kvaðst hún aðspurð hafa reynt að stöðva ákærða með því að reyna að „pikka í B“, en hún hafi ekki sýnt nein viðbrögð. Þá tók brotápoli fram að ungabarnið sem hafi verið í rimlarúmi í herbergi ákærða hafi staðið upprétt í rúminu á meðan á þessu hafi staðið, glaðvakandi, og starað á þau. Þegar barnið hafi reynt að ná sambandi við ákærða, föður sinn, hafi ákærði sussað á það og sagt stúlkunum að þær mættu hvorki horfa á barnið né ræða við það.

Sagði brotápoli að ákærði hefði fljótlega eftir að þær yfirgáfu heimili hans sent henni skilaboð á Snapchat og spurt hvort ekki væri allt í lagi og jafnframt reynt að hringja í hana. Hún hafi ekki svarað því en í stað þess „blokkerað“ ákærða.

Aðspurð kvaðst brotápoli hafa verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt, en það hafi að mestu verið runnið af henni þegar atvik áttu sér stað. Hún hafi einungis drukkið áfengi á meðan þær voru niðri í bæ, þ.e. til um klukkan hálfítt um nóttina. Þær hafi þó ekki verið „í miklu glasi“. Aðspurð kvaðst hún ekki telja að ákærði hafi verið mjög drukkinn.

Brotápoli sagði rúm ákærða hafa staðið upp við vegg. Hafi B legið við vegginn, ákærði í miðju rúmsins en brotápoli á hinum enda þess.

Brotápoli kvaðst umrætt sinn hafa verið klædd í hvítan, hálfgagnsæjan kjól, svartan pels og rauðar nærbuxur. Sagði hún ákærða hafa verið klæddan í buxur og í svarta Hugo Boss peysu með rauðu merki á henni miðri.

Ákærði var handtekinn á heimili sínu þriðjudaginn 14. febrúar 2023, færður á lögreglustöð og vistaður þar. Hann gaf framburðarskýrslu þann sama dag. Greindi hann frá því að hafa hitt brotápoli „í smá tíma“ niðri í bæ umrætt sinn. Hann hafi síðar um nóttina lent í slagsmálum og endað af þeim sökum á slysavæðstofu. Ætlar hann að þetta hafi verið um klukkan 6 að morgni. Að sögn ákærða hafi brotápoli sent honum skilaboð þar sem hún spyr ákærða hvort hann sé vakandi og hvort hann vilji hitta hana. Hafi ákærði farið til hennar með leigubíl sem ekið var af félagi hans, vitninu C, og sótt brotápoli og vinkonu hennar og ekið þeim á heimili sitt í [...]. Þau hafi lagst saman í rúm hans, þar sem vinkona brotápoli hafi sofnað en ákærði og brotápoli hafi byrjað að kyssast „eitthvað og svo endum við á því að sofa saman, það var ekki meira en það“. Kvaðst ákærði ekki muna hver hefði átt frumkvæðið. Lýsti hann því svo að brotápoli hefði farið „inn á“ ákærða og hann „inn á hana“, þ.e. með hendur á kynfærasvæði hvors annars. Hafi brotápoli strokið á honum getnaðarliminn en ákærði nuddað sníp brotápoli. Í framhaldinu hafi þau, hvort um sig, klætt sig úr nærbuxum og þau haft kynmök með því að ákærði lagðist ofan á brotápoli. Taldi

hann að þetta hefði staðið yfir í um tíu mínútur. Kvaðst ákærði ekki hafa notað verjur en hann hafi ekki fengið sáðlát. Lýsti ákærði því að „allt í einu ýtir vinkona hennar eitthvað í hana og biður hana um að fara inn á bað og tala við sig og svo vilja þær svo bara allt í einu fara“. Sagði hann brotþola og vinkonu hennar hafa gefið þá skýringu að þær þyrftu að fara „eitthvað upp á slysó með mömmu vinkonunnar og eru þarna að reyna að redda sér fari í einhvern smá tíma“. Kvaðst ákærði hafa boðið þeim að hringja á leigubíl, en þær afþakkað það. Sagðist ákærði hafa kvatt brotþola með faðmlagi og hún kysst hann. Þau hafi hins vegar ekki átt í neinum samskiptum eftir þetta. Að sögn ákærða hafi þær verið hjá honum í um eina klukkustund.

Ákærði sagði alla heimilismenn hafa verið heima við umrætt sinn, þ.e. þrír bræður ákærða, móðir hans og faðir. Sagði hann einn bróður sinn búa á neðri hæð hússins ásamt ákærða, en hann geti ekki sagt til um hvort hann hafi orðið var við heimsókn stúlkanna.

Aðspurður sagðist ákærði ekki hafa viðhaft nokkurt ofbeldi gagnvart brotþola, en brotþoli hefði gefið samþykki sitt til kynferðislegs samneytis. Inntur eftir því hvernig hún hefði veitt slíkt samþykki sagðist ákærði hafa spurt hana: „er þetta í lagi þín vegna og hún segir já“. Sagðist hann aðspurður hafa spurt að þessu þar sem hann vildi vera viss um að hún vildi sofa hjá honum. Ákærði hafi talið brotþola hafa notið þessa, að minnsta kosti fyrst um sinn, „en svo einhvern veginn varð hún eitthvað skrýtin og þá bara stoppaði þetta“, þ.e. eftir að „vinkona hennar ýtti í hana þarna“. Aðspurður hvort ákærði gæti lýst því nánar hvernig brotþoli hefði orðið „skrýtin“ sagðist hann hafa greint að hún „einhvern veginn slaknaði öll niður og eitthvað og þá bara fannst mér þetta eitthvað óþægilegt“. Hún hefði hins vegar ekki grátið að sögn ákærða. Honum hefði ekki fundist eins og hann hefði gert eitthvað á hlut brotþola. Ákærði sagðist ekki hafa heyrt brotþola segja að hún hefði verið þessu mótfallin. Þá kvaðst ákærði ekki hafa skynjað nokkurn ótta hjá brotþola í sinn garð.

Aðspurður sagði ákærði brotþola hafa legið í miðju rúminu. Þá kvaðst hann hafa drukkið nokkurt áfengi umrætt kvöld og taldi ölvunarástand sitt hafi verið um 7 til 8 á mælikvarðanum 1 til 10. Hann kvað ölvun brotþola hugsanlega hafa getað verið um 5 á sama mælikvarða.

Borinn var undir ákærða framburður brotþola. Hefur lögregla eftir brotþola að ákærði hafi „komið þarna með C, vini þínum, á leigubíl og sótt þær og þegar þær koma þarna heim til þín að þá er sonur þinn vakandi í rimlarúminu“. Ákærði svarar „sofandi“. Lögregla spyr: „Var sonur þinn inni í herberginu þegar þetta átti sér stað?“ Ákærði svarar því játandi. Lögregla spyr: „Þær segja þarna báðar í sitthvorri skýrslutökunni að sonur þinn hafi verið vakandi, staðið í barnarúminu og þú hafi bannað þeim að tala við hann og sussaðir í honum, sussað hann niður.“ Svarar ákærði: „Það er ekki rétt, en ókei já?“ Spyr lögregla: „Það er ekki rétt?“ Ákærði svarar: „Nei, hann var sofandi allan tímann.“ Áfram spyr lögregla: „Var sonur þinn vakandi allan tímann á meðan þetta átti sér stað?“ Ákærði svarar: „Nei.“ Ákærði sagði móður sína hafa annast barnið á meðan hann var niðri í bæ. „Og var það inni í herbergi hjá þér?“ spyr lögregla. Ákærði svarar: „Hann sefur þar, já.“ Þá var borinn undir ákærða framburður vitnisins B þess efnis að þegar þær hafi komið í herbergi ákærða hafi þar verið fyrir lítið barn í rúmi sínu. Það hafi verið vakandi og kallað á móður sína. Ákærði svarar: „Nei, hann var sofandi. Ef hann var að kalla á einhvern, þá hefði móðir mín komið niður og ...“ Sagði hann son sinn hafa vaknað um klukkan 9 næsta morgun og hafi ákærði tekið hann.

B gaf skýrslu hjá lögreglu 14. febrúar 2023. Greindi hún frá því að þær hefðu verið að skemmta sér niðri í bæ umrætt sinn og meðal annars farið á skemmtistaðinn [...] um klukkan 2 þessa nótt. Þar hafi þær komið auga á ákærða sem hafi setið við svokallað „flöskuborð“ og hafi ákærði boðið þeim að setjast hjá sér, sem þær hafi gert. Sagði B að þær hefðu kannast lítilliga við ákærða þar sem þær hefðu hitt hann helgina áður á sama skemmtistað, en ekkert rætt við hann þá. Þegar skemmtistaðnum hafi lokað um klukkan hálfítt hafi þær haldið heim til brotþola. Sagði hún ákærða hafa hringt í brotþola á Snapchat og boðið henni heim til sín og sagst ætla að senda vin sinn, sem væri leigubílstjóri, að sækja hana. Hafi brotþoli þá upplýst ákærða að B væri með henni og myndi koma með þeim. Þegar þær hafi komið á heimili ákærða kvaðst hún hafa séð lítinn dreng, sem hún taldi vera um tveggja ára gamlan, í rúmi

sínu í herbergi ákærða og hafi hann kallað á mömmu sína. Að sögn B hafi ákærði sagt þeim að setjast á rúm sitt, sem þau hafi gert. Hafi hún setið við hlið brotaþola en ákærði á öðrum enda rúmsins.

Sagði B að ákærði hefði „ítrekað ... tekið hendina á [brotaþola]“ og lagt hana á getnaðarlim sinn. Kvaðst B þó aðspurð ekki hafa séð það sjálf, þar sem hún hafi snúið höfði sínu frá þeim, en hafi þó vitað „hvað var í gangi en [brotaþoli] hafi alltaf verið að kippa hendinni í burtu“. Spurð hvers vegna hún hafi ekki horft á þau sagðist hún hafa „frosið“.

B sagði ákærða hafa nauðgað brotaþola. Sagði hún ákærða hafa farið yfir á mitt rúmið og lagst fyrir aftan brotaþola, sem hafi legið á hlið, og þannig haft við hana samfarir. Sagði B að brotaþoli hefði verið grátandi og ítrekað sagt við ákærða að hún vildi þetta ekki, en hann engu um það skeytt og haldið áfram. Aðspurð kvaðst B hafa heyrt í brotaþola.

B sagði brotaþola loks hafa náð að grípa í sig á meðan á samförunum hafi staðið. Hafi B sagt við ákærða að hún þyrfti að fara á klósettið og brotaþoli þyrfti að koma með sér. Þær hafi farið inn á salerni og læst þar að sér. Hafi ákærði bankað á baðherbergisdynnar og spurt þær hvort allt væri í lagi. Hafi B svarað því til að brotaþoli væri að æla. Loks hafi þær haft samband við vin sinn sem hafi komið og sótt þær.

Að sögn B hafi þær dvalið í um 50 til 60 mínútur heima hjá ákærða.

D gaf skýrslu hjá lögreglu 15. ágúst 2023. Kvaðst hann hafa fengið sms-skilaboð frá brotaþola umrædda nótt. Hafi hún sagst vera hrædd, ekki vitað hvað hún ætti að gera en henni hefði verið nauðgað. Kvaðst D hafa reynt að hringja til baka, en hún ekki svarað. Kvaðst hann hafa sótt stúlkurnar til ákærða. Þar hafi brotaþoli verið „hágrátandi og alveg í rusli“. Hafi þau ekið um og ihugað hvað þau ættu til bragðs að taka en loks afraðið að fara á bráðamóttöku. Kvaðst D „vera 90% viss um að eitthvað hafi gerst þarna“ en hann gæti ekki metið hversu „gróft eða alvarlegt“ það hafi verið „en miðað við ástandið á henni, þá hefur eitthvað gerst þarna. Hún var í svo miklu sjokki“.

Vitnið C gaf skýrslu hjá lögreglu 17. ágúst 2023. Kvaðst hann hafa fengið beiðni frá ákærða um að sækja sig, sem hann hafi gert. Hann geti þó ekki munað hvort hann hafi sótt ákærða heim til hans eða í bæinn. Kvaðst hann muna eftir að hafa sótt „einhverjar tvær stelpur upp í [...]“ en þær hafi ætlað heim með ákærða.

Aðspurður taldi hann ákærða hafa verið nokkuð ölvaðan, eða um 6 á mælikvarðanum 1 til 10, en stúlkurnar 3 á sama mælikvarða.

Þá gaf vitnið E, móðir brotaþola, skýrslu hjá lögreglu 14. febrúar 2023.

Í málinu liggja frammi skjáskot af samskiptum brotaþola og D sem áttu sér stað að morgni 12. febrúar 2023. Eru skilaboðin fengin úr símtæki D. Klukkan 8:04 sendir brotaþoli skilaboð til D: „D... ertu vakandi“. D svarar: „já núna“.

Brotaþoli skrifar: „getur plz sott mig ... þarf að fara upp a slyso ... er grenjandi inn a baði ... hjalp“.

D svarar: „hvar ertu“.

Brotaþoli svarar: „[...]“.

D svarar: „omg er ekki með bilinn“.

Brotaþoli ritar þá: „D ... mer var nauðgað“.

D sendir: „en hja hverjum ertu“.

Brotaþoli svarar: „langar heim ... het ekki ... hjalp ... plz ... B“.

D svarar: „já ég skil“.

Brotaþoli svarar: „hun sa þetta allt“.

D svarar: „ertu heima hja B“.

Brotaþoli svarar: allt ... nei þessum strak ... er föst ... grenjandi inna. baði“. D svarar: „hvar ert B“.

Brotaþoli ritar: „hliðin a mer ... rrum að reyna redda fari ... þar að fara upp a slyso“.

D svarar: „omfg“.
Brotapoli ritar: „get ekki ... langar að deyja ... plz bara hjalp ... mer lipur ogeðslega“.
D svarar: „ja biddu“.
Brotapoli sendir: „GRENJANDI A MEÐAN HANN NAUÐGAR MER ... er bara hrædd bið hann“.
D svarar: „ætla að reyna finna lykllana“.
Brotapoli svarar: „hjalp bara ... fyrirgefðu ... bara hjalp ... get ekki ... titra“. D svarar: „já skil það er að leita ... mamma er með lykllana á billnum biddu“. Brotapoli sendir: „æi vil ekki gera vesen“.
D skrifar: „nei ekkert stress reindu bara finna far á meðan“.
Brotapoli svarar: „er buin að reyna ... enginn vakandi ... enginn“.
D svarar: „já skil þig“.
Brotapoli sendir: „hann er ofan í mer ... þarf að komast burt ... erbara senda a þig til að hann lati mig vera ... hann mun ekki hætta“.
D ritar: „okay en ég þarf að skila bílnum get skutlað ykkur þangað og kannski sótt ykkur eftir á en get ekki veirð með bílinn í 6 tíma þar skiluru“.
Brotapoli svarar: „takk D takk“.
D svarar: „okay kem efrir 10“.
Brotapoli sendir: „takk D... takk ... lattu mig vits þegar þu ert að lenda ... þa getum við drullað okkir ut“.
D svarar: „okay 5 mín í mig ... komið ut ... A ... ut“.
Sama dag klukkan 13:29 sendir brotapolí eftirfarandi skilaboð til D: „hæ D .. er buin upp a braðamotöku, takk kærlega f að sækja mig og f stuðninginn“. D svarar: „minnsta mál“. Brotapoli svarar: „kann virkilega að meta það“. D svarar: „ekkert stress“.

Í vottorði neyðarmóttöku frá 12. febrúar 2023, undirrituðu af F kvensjúkdómalækni, greinir að frásögn sú sem gefin var við komu brotapola á neyðarmóttöku hafi verið höfð eftir vinkonu hennar, B, þar sem brotapolí hafi ekki treyst sér til endursagnar. Sú frásögn hafi verið borin undir brotapola, sem hafi samþykkt hana. Greinir í vottorðinu að ekki hafi fundist áverkar á líkama brotapola en „lítill sprunga fremst í vagina. grunn“. Nánar tiltekið segir í vottorðinu: „Smá sprung grunn 6 mm fremst í forchette.“ Tekin hafi verið sýni að hætti neyðarmóttöku, bæði „frá munni, vagina og ræktun og blóðsýni m.t.t. alkahólmagns“. Reyndust niðurstöður alkahólmælinga í þvagi brotapola og blóði, sem framkvæmdar voru af Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, sbr. matsgerð, dagsetta 28. febrúar 2023, benda til þess að hún hafi neytt „einhvers áfengis“ en hafi ekki verið undir áhrifum þegar blóðsýni var tekið. Greindist etanólmagn í þvagi vera 0,62‰.

Meðal rannsóknargagna er einnig skýrsla tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 8. mars 2023, en skýrslan er undirrituð af G, sérfræðingi tæknideildar. Greinir þar að til rannsóknar hafi verið sýni sem tekin höfðu verið við skoðun á brotapolá á neyðarmóttöku. Segir í skýrslunni að það sé niðurstaða rannsóknar að í þeim gögnum sem tekin voru til rannsóknar hafi engin lífsýni fundist sem nothæf séu til DNA-kennslagreiningar. Við rannsókn á rúmlaki ákærða sem lagt var hald á við rannsókn málsins fundust hins vegar lífsýni sem nothæf séu til slíkrar greiningar, sbr. skýrslu tæknideildarinnar frá 10. mars sama ár. Þá liggur í málinu fyrir vottorð H, lækni nr. [...], frá 14. febrúar 2023 þar sem greinir frá framkvæmd líkamsskoðunar og sýnatöku á ákærða.

Enn fremur liggur frammi myndskaið sem sótt var úr dyrabjöllu á heimili ákærða.

Í vottorði I, sálfræðings hjá áfallateymi Landspítala, sem dagsett er 8. nóvember 2024 greinir samantekið að brotapolá hafi verið vísað til áfallateymisins af J, sálfræðingi hjá þunglyndis- og kvíðateymi spítalans, þann 1. febrúar 2024. Hafi ástæða tilvísunarinnar verið greining á áfallastreituröskun brotapola vegna ætlaðs kynferðisbrots. Segir í vottorðinu að brotapolí hafi mætt í 16 viðtöl á tímabilinu 24. apríl til 8. nóvember 2024, þar sem henni var veittur sálrænn stuðningur, einkenni hennar metin og hafin sérhæfð hugræn atferlismeðferð við einkennum áfallastreituröskunar og öðrum afleiðingum meints kynferðisbrots.

Þá segir í vottorðinu: „Niðurstöður endurtekens greiningarmats sýna að [brotapoli] þjáist af áfallastreituröskun (*Posttraumatic Stress Disorder*) í kjölfar meints kynferðisbrots. Sálræn einkenni hennar í kjölfar áfallsins samsvara einkennum sem þekkt eru hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatskvarða samsvöruðu vel frásögnum hennar í viðtölum. Hún virtist ávallt hreinskilin, trúverðug og sjálfri sér samkvæm.“ Þá greinir að gert sé ráð fyrir að brotapoli haldi áfram meðferðarvinnu og að hún þurfi mögulega frekari stuðning eftir að formlegri meðferð lýkur. Þá segir: „Ljóst þykir að meint kynferðisbrot hefur haft viðtæk áhrif á líðan [brotapola], frá því að það átti sér stað. Eins og fram hefur komið er formleg meðferð við áfallastreitueinkennum [brotapola] eftir meint kynferðisbrot enn yfirstandandi og því er ekki hægt að segja til um framtíðarárangur með vissu.“

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði, X, greindi svo frá að hann hefði hitt brotapola á skemmtistaðnum [...] við [...] í Reykjavík umrætt kvöld. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt brotapola fyrir þetta og hafi þau gefið hvort öðru „kontaktupplýsingar“. Að sögn ákærða kunni þó að vera að þau hafi kynnst kvöldið áður.

Kvaðst ákærði, síðar sama kvöld, hafa leitað á bráðamóttöku Landspítala vegna áverka sem hann hlaut á andliti við átök í miðbænum, en þar hafi verið saumuð nokkur spor í neðri vör hans.

Þegar hann hafi komið heim til sín um nóttina hafi honum borist Snapchat-skilaboð frá brotapola þar sem hún segist vilja hitta hann og spyr hvort hún megi koma heim til hans. Hafi ákærði þá haft samband við vin sinn, C, sem sé leigubílstjóri og hafi hann sótt brotapola og vinkonu hennar og ekið þeim á heimili ákærða. Sagði hann að þetta gæti hafa verið á tímabilinu klukkan 6 til 8 að morgni. Þegar heim til ákærða var komið hafi þau þrjú farið inn í herbergi hans þar sem þau hafi spjallað í smá stund. Sagði ákærði vinkonu brotapola hafa sofnað á rúmi hans, þar sem þau þrjú hafi legið. Hafi brotapoli þá snúið sér að ákærða og þau byrjað að kyssast, en það hafi verið að frumkvæði brotapola. Sagðist ákærði muna þetta betur nú en þegar hann gaf um þetta skýrslu hjá lögreglu. Hafi þau síðar haft kynmök, en aðspurður sagði hann þau ekki hafa rætt um að stunda kynmök. „Eftir smá stund“ hafi brotapoli viljað „stoppa“ og hafi hann þá þegar hætt. Brotapoli hafi þá farið inn á baðherbergi ásamt vinkonu sinni, en þær síðan farið heim. Sagði ákærði brotapola áður engin merki hafa gefið eða „viðbrögð“ sýnt í þá veru að hún „vildi þetta ekki“, en sagði brotapola hafa spurt hann hvort þau gætu „stundað kynlíf hljóðlega“ þar sem vinkona hennar væri sofandi.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa snert brotapola, einungis haldið utan um hana og það sama eigi við um brotapola. Sagðist ákærði hvorki hafa snert kynfæri brotapola né hún hans. Í því efni var borinn undir ákærða framburður hans hjá lögreglu, þar sem hann greindi frá því að þau hefðu bæði snert kynfæri hvors annars. Sagðist ákærði ekki muna hvort þetta væri rétt, en verið gæti að hann hafi snert brotapola og kynfæri hennar. Hún hafi hins vegar ekki snert getnaðarlim hans. Þau hafi bæði verið klædd þar sem þau lágu saman í rúminu. Sagði ákærði brotapola hafa „lyft upp“ kjól sínum og hann dregið niður buxur sínar. Þá hafi brotapoli sjálf fært til nærbuxur sínar og þannig hafi þau stundað kynmök. Aðspurður sagði ákærði að hugsanlega væri rétt sú lýsing hans í skýrslutöku hjá lögreglu að hann hafi jafnframt lagst ofan á brotapola og þau stundað kynlíf í „trúboðastellingu“.

Ákærði kvaðst ekki hafa séð framan í brotapola, sem hafi legið með bakið að honum, og því ekki séð „beint“ hvernig henni leið. Brotapoli hafi sagt „bíddu aðeins“ og farið inn á baðherbergi með vinkonu sinni þar sem þær hafi verið í um 20 mínútur. Kvaðst ákærði ekki muna hvort brotapoli hefði sótt vinkonu sína og fengið hana inn á baðherbergi með sér eða hvort hún hefði sent vinkonu sinni skilaboð. Ákærði kvaðst hafa reynt að ná sambandi við brotapola þegar hún var inni á baðherbergi, en engin svör fengið. Ákærði kvaðst hafa „velt málinu fyrir sér“ á þeim tímapunkti og hafi spurt sig hvort eitthvað gæti verið að.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa notað verjur, enda hafi hann ekki átt verjur.

Ákærði sagði B hafa legið upp við vegg í rúmi hans, hann verið í miðjunni og brotaþoli á hinum enda rúmsins, en þannig höfðu þau öll lagst í rúmið. Sagði ákærði það vera rangt hjá brotaþola að vinkonurnar hefðu fyrst legið hlið við hlið í rúminu.

Sagði ákærði þau ekki hafa rætt fyrir fram um að stunda kynlíf eða með hvaða hætti, en brotaþoli hafi gefið í skyn að hún vildi kynmök.

Ákærði kvaðst ekki hafa heyrt brotaþola gráta eða segja: „nei, ég vil þetta ekki“. Hafi brotaþoli aldrei gefið í skyn að hún vildi ekki stunda kynmök nema þetta eina skipti þegar hún hafi farið inn á baðherbergi.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita hvers vegna brotaþoli hefði beðið um að fá að koma til hans þessa nótt, en þau hafi kysst „örlítið“ á skemmtistaðnum fyrir um kvöldið. Kvaðst ákærði hafa talið víst að brotaþoli hefði viljað stunda kynlíf, „miðað við hvernig þetta byrjaði“, en brotaþoli hefði byrjað að kyssa ákærða, sem leitt hefði til kynlífs. Sagði ákærði brotaþola hafa sjálfa snúið sér við, þannig að hún sneri baki í ákærða.

Ákærði kvaðst hafa drukkið áfengi umrætt kvöld, en geti ekki munað hversu mikið. Sagðist hann hafa hafið drykkju um klukkan 9 þetta kvöld og hætt að drekka um klukkan 3 um nóttina en þá hafi hann leitað til neyðarmóttöku Landspítala. Ákærði kvaðst ekki geta sagt til um ölvunarástand brotaþola á þessum tíma og geti ekkert sagt til um ástand vinkonu hennar.

Aðspurður sagði ákærði ekki rétt að sonur hans hefði verið í barnarúmi í herbergi ákærða umrætt sinn, drengurinn hefði verið „uppi allan tímann“. Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa rætt um barnið við brotaþola, enda hefði það ekki verið í herberginu.

Ákærði kvaðst aðspurður ekkert hafa rætt við vitnið B og hann hafi ekki boðið henni að „vera með“, auk þess sem hann hafi ekki velt nærveru hennar sérstaklega fyrir sér.

Að sögn ákærða hafi brotaþoli og vinkona hennar ekki verið að flýta sér sérstaklega út af heimili ákærða, þau hafi kvatt hvert annað, en „eiginlega ekkert“ rætt saman. Þau hafi hvorki kvaðst með handabandi né hafi þau faðmast.

Aðspurður sagði ákærði þau hafa hist í eitt skipti eftir þetta, en þá hafi brotaþoli fengið far í bifreið sem ákærði sat í. Sagði hann brotaþola í fyrstu hafa neitað að fara inn í bílinn, en síðar skipt um skoðun og var henni skutlað á tiltekinn stað.

Ákærði sagði lögreglu ekki hafa rætt við aðra heimilismenn á heimili ákærða, en þar hafi búið, auk ákærða og sonar hans, móðir ákærða og faðir og þrjár bræður ákærða og hafi þau öll verið heima þessa nótt.

Brotaþoli, A, greindi svo frá að hún og vinkona hennar, vitnið B, hafi hist hjá brotaþola umrætt kvöld, en þær síðan farið saman í miðbæ Reykjavíkur á skemmtistaðinn [...]. Sagði hún þær hafa hafið drykkju þegar þangað var komið, en það hafi verið á bilinu 1 til 2 að nóttu. Um klukkan 4 eða hálfífm hafi þær farið heim. Sagðist brotaþoli ekki hafa verið mjög ölvuð þetta kvöld, og hafi ölvunarástand hennar verið um 2 til 3 miðað við mælikvarðann 1 til 10. Brotaþoli kvaðst hafa kynnst ákærða í bænum um tveimur helgum fyrir og hafi þau hist einu sinni eða tvisvar eftir það og voru „vinir“ á Snapchat.

Þegar heim var komið hafi þær „planað“ að hitta ákærða og haft samband við hann á samskiptaforritinu Snapchat. Brotaþoli kvaðst ekki muna hvort þeirra hefði átt frumkvæðið að samskiptunum, en verið gæti að hún hefði spurt ákærða hvort hann vildi hitta þær. Að sögn brotaþola hafi ákærði mátt vita að B myndi koma með. Hafi ákærði og vitnið C sótt þær á heimili brotaþola og ekið þeim heim til ákærða. Að sögn brotaþola hafi ákærði sótt það fast í bílnum að B færi heim með vitninu C, en ekki hafi komið til tals að C kæmi með þeim heim til ákærða.

Hafi þau farið saman inn í herbergi ákærða. Þar hafi þau „chillað á rúminu“, en engir stólar hafi verið í herberginu. Þau hafi síðan lagst saman á rúmið. Að sögn brotaþola hafi ákærði í sífellu sagt vitninu B að fara að sofa, sem brotaþola hafi fundist skrytið, enda hafi þetta ekki verið ætlað sem „gistipartí“.

Þar sem þau lágu í rúminu hafi ákærði byrjað að kyssa brotaþola, að hana minni, sem hún sagði hafa verið í góðu lagi, en um leið og ákærði „verður óþægilegur byrjar þetta að verða skrytið“.

Að sögn brotaþola hafi ákærði fyrst legið á öðrum enda rúmsins, en síðar „klifrað yfir“ brotaþola og lagst í mitt rúmið. Brotaþoli lýsir því að ákærði hafi farið með hönd sína „inn á“ hana og byrjað að „putta“ hana, en hún hafi verið því mótfallin, og spurt hvort þau gætu ekki gert þetta seinna, „getum hist á morgun“, og bent honum á að vinkona hennar lægi við hlið þeirra. Hafi ákærði hins vegar sagt: „jú, þetta er í lagi“. Brotaþoli segist hafa ýtt hendi ákærða ítrekað frá, en ákærði „byrjar alltaf aftur“. Hafi ákærði sett hönd brotaþola á getnaðarlim sinn, en brotaþoli hafi dregið höndina að sér. Hann hafi þá snúið brotaþola, þannig að bak hennar sneri að honum, lyft upp kjól hennar, ýtt nærbuxum hennar til hliðar „og byrjar bara“. Sagðist brotaþoli hafa farið að gráta, hún hafi frosið og verið hrædd. Aðspurð sagðist hún ekki geta sagt til um það hvort vinkona hennar hefði heyrt grát hennar. Hún hafi ekki viljað stunda kynmök við hlið vinkonu sinnar og í návist tveggja ára gamals barns, sem brotaþoli segir að hafi verið í rimlarúmi við hlið rúms ákærða. Hafi barnið „kallað endalaust“ á móður sína, en ákærði skipað því að hætta. Þetta hafi brotaþola fundist vera mjög skrýtið, og í raun hafi allt verið „mjög skrýtið þarna“.

Að sögn brotaþola hafi ákærði spurt hana hvort hún vildi ekki „koma ofan á“ sig, en brotaþoli neitað því. Sagðist brotaþoli hafa látið ákærða vita að hún vildi þetta ekki, til dæmis með því að segja við ákærða: „getum við ekki gert þetta seinna“. Taldi hún það vera fullnægjandi höfnun og neitun af sinni hálfu. Sagðist brotaþoli hafa sagt með skýrum hætti við ákærða: „ég vil ekki gera þetta núna, gerum þetta seinna“. Aðspurð kvaðst hún hafa sagt þetta við ákærða áður en samræði hófst. Sagði brotaþoli ákærða hafa hætt þegar honum hafi fundist að hún væri „ekki að taka þátt“, og hafi þá sagt: „ok, hittumst þá á morgun“. Að sögn brotaþola hafi ákærði mátt vita að brotaþoli vildi ekki eiga við hann samræði.

Brotaþoli sagði B einnig hafa frosið, en hún telur víst að hún hafi ekki verið sofandi þegar atvik áttu sér stað. Taldi brotaþoli að B hefði verið hrædd við ákærða, líkt og brotaþoli. Þá kvaðst brotaþoli ekki geta fullyrt hvernig B hefði snúið í rúminu, enda sneri hún sjálf baki í hana. Að sögn brotaþola hafi ákærði spurt B hvort hún vildi ekki „vera með“.

Að sögn brotaþola hafi B beðið brotaþola um að koma með sér á salernið. Ákærði hafi komið á eftir þeim og bankað á baðherbergisdrynar og í framhaldinu „pikkað upp lásinn“ og spurt þær margoft hvort eitthvað væri að. Kvað brotaþoli vinkonu sína hafa „búið til sögu“ um veikindi móður sinnar. Brotaþoli kvaðst ekki hafa átt í neinum samskiptum við ákærða þegar þær voru inni á baðherbergi.

Þær hafi í framhaldinu haft samband við vin sinn, vitnið D, sem komið hafi stuttu síðar á bíl og skutlað þeim á spítala. Sagðist brotaþoli hafa grátið alla leiðina. Hún hafi sagt D hvað gerst hafði, en þau hafi ekki rætt það frekar. Brotaþola kvaðst hafa liðið ömurlega eftir þetta og fannst öll „völd vera tekin af henni“ með þessu.

Að sögn brotaþola hafi hún umrætt sinn verið klædd í hvítan kjól, nærbuxur og sokka, en ákærði í gallabuxur og peysu.

Aðspurð sagði brotaþoli líðan sína hafa verið „meira en ömurlega“ eftir þetta. Þetta hafi verið andlegt sjokk og sé hún nú í áfallameðferð á Kleppi. Hún hafi þurft að hætta í vinnu og skóla, auk þess sem áfallameðferð taki mjög mikið á hana. Kvaðst brotaþoli vera með fyrri áfallasögu, en hún hafi þó ekki fundið fyrir slíkum einkennum áður. Henni hafi aldrei liðið svona illa áður og sé viss um að sér muni ekki líða svona illa aftur. Hún finni fyrir þunglyndi, kvíða og áfallastreitu.

Brotaþoli kveðst hafa „blokkað“ ákærða á Snapchat. Hún hafi þó hitt hann í bænum, eða séð hann tilsýndar þar. Sagðist hún í eitt skipti eftir þetta hafa setið í bíl með ákærða en hún hafi í það skipti verið stödd með vini sínum og hafi þau þurft á fari að halda. Þegar brotaþoli hafi orðið þess vör að ákærði sæti í framsæti bifreiðarinnar hafi hún í fyrstu neitað að setjast upp í bifreiðina. Hún hafi hins vegar verið nauðbeygð til að þiggja bílfar og því hafi hún látið tilleiðast. Kvaðst hún hafa hágrátið í bílnum, en bílferðin hafi tekið um fimm mínútur.

Móðir brotaþola, E, sagði brotaþola hafa sagt sér frá ætluðu kynferðisbroti strax næsta dag, að lokinni heimsókn hennar á neyðarmóttöku. Að sögn E hafi brotaþoli brotnað niður við frásögn sína. Hafi brotaþoli sagt henni að ákærði hefði nauðgað sér á heimili ákærða. Hefði brotaþoli tjáð henni að hún hefði „algerlega frosið“ og það hefði vitnið B líka gert.

Sagði hún þær hafa farið til lögreglu nokkrum dögum síðar, þar sem brotþoli hafi gefið skýrslu um atvikið.

Sagði hún brotþola hafa liðið mjög illa eftir þetta og hafi tekið miklum breytingum og átt mjög erfitt, en brotþoli sæki nú áfallameðferð. Sagði hún brotþola eiga fyrri áfallasögu um kynferðislega misnotkun, en það atvik hafi átt sér stað þegar brotþoli var [...] ára gömul, og þá hafa leitað til fagaðila og lagst inn á BUGL í nokkra daga.

Sagði hún augljóst að atburður þessi hefði haft áhrif á brotþola, sem hafi ekki „langað að vera til“, vildi sleppa skóla og hafi farið „langt niður“.

Lögreglumaður nr. K kvaðst hafa komið að læknisfræðilegri skoðun ákærða sem starfsmaður tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hafi rannsókn falist í sýnatöku og almennri líkamsrannsókn, auk þess sem ljósmyndir voru teknar. Lögreglumaðurinn staðfesti skýrslu sína.

Lögreglumaður nr. L kvaðst hafa annast húsleit hjá ákærða, auk þess sem hann hefði afla myndbandsupptöku úr Ring-dyrabjöllu á heimili ákærða. Þá hafi hann annast skýrslutöku af ákærða. Við skoðun á upptökum kvaðst lögreglumaðurinn ekki hafa greint að fólk hafi verið þar mjög drukkið, hvorki þegar komið var á heimili ákærða né við brottför.

Lögreglumanninn kvaðst reka minni til að hafa rætt við föður ákærða, í þeim tilgangi að afla upptöku úr dyrasíma. Aðspurð kvaðst lögreglumanninn ráma í að hafa haft áhyggjur af barni sem „hafi átt að vera þarna“, en muni ekki hvort það hafi verið kannað nánar. Lögreglumaðurinn staðfesti skýrslur sínar í málinu.

G, sérfræðingur tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, [...], kvaðst hafa rannsakað gögn sem bárust frá neyðarmóttöku. Hafi hún jafnframt rannsakað lak sem var á rúmi ákærða, en á því hafi greinst sæðisfrumur á nokkrum stöðum. Kvaðst vitnið staðfesta skýrslu sína.

Vitnið, *B*, kvaðst hafa verið með brotþola umrætt kvöld og hefðu þær farið saman á skemmtistaðinn [...]. Sagði hún ákærða og vin hans hafa sótt þær og ekið þeim heim til ákærða. Kvaðst hún ekki muna eftir sérstökum samskiptum við ökumann bifreiðarinnar, vitnið *C*.

Þau hafi öll þrjú lagst í rúm sem þar var. Kvaðst *B* hafa þar lokað augum sínum eða farið í símann. Hafi hún legið upp við vegg í rúminu og snúið sér að honum. Hún kvaðst ekki muna hvar brotþoli og ákærði hefðu legið í rúminu. Sagðist hún hafa snúið baki í ákærða og brotþola þar sem hún hafi ekki vitað „hvert planið“ væri. *B* kvaðst umrætt sinn hafa verið klædd í rauðan kjól og hvítan jakka. Sagði hún ákærða og brotþola bæði hafa verið í fötum sínum.

Að sögn *B* hafi hún fundið að brotþoli sló í bak hennar og heyrði hana segja: „nei, ekki meira, nei, ég vil ekki gera meira“. Hafi brotþoli þá slegið aftur í bak *B*, sem kvaðst hafa frosið þar sem hún hafi ekki vitað hvað væri „í gangi“ og hafi verið stressuð. Kvaðst hún ekki hafa frosið með þessum hætti áður. Hún hafi verið hrædd og „líkaminn lamaðist“. Þá hafi hún verið hrædd um vinkonu sína. Að sögn *B* hafi ákærði spurt hana „áður en þetta byrjaði“ hvort hún vildi „ekki bara vera með“.

Sagði hún brotþola hafa sagt: „stopp, vil þetta ekki og *B* er hérna líka“, en ákærði hafi ekki hætt. Að sögn *B* hafi ákærði sagt: „ekki vera að spá í *B*, hún er sofandi“.

Hafi brotþoli enn slegið í bak *B* sem hafi þá „rankað“ við sér og farið á salernið og tekið brotþola með sér. Þar hafi hún séð að brotþoli var „alveg niðurbrotin“ en hún hafi ekki haft hátt um það.

Kvaðst hún ekki hafa skynjað strax hvað væri í gangi en hana hafi farið að gruna eitthvað þegar brotþoli hafi sagt „stopp, ég vil þetta ekki“. Þá hafi hún heyrt í kossu og heyrt „hvað var í gangi“. Sagði vitnið ákærða hafa nauðgað brotþola, þar sem hún hafi beðið hann um að hætta og látið það í ljós að hún væri þessu mótfallin. Sagði vitnið brotþola hafa sagt þetta með lágum rómi, en þó alveg nógu hátt þannig að það heyrðist „hátt og skýrt“. Að sögn hennar hafi hún greint „neitunarhljóð“ frá brotþola, hún hafi sagt „æi og nei“. Vitnið hafi ekki heyrt brotþola gráta þar sem þau lágu í rúminu, en hafi heyrt „ópægindahljóð“.

Sagði hún atvik hafa gerst á fremur stuttum tíma og hún hafi ekki séð samskipti þeirra með eigin augum. Þá kvaðst hún aðspurð ekki hafa séð ákærða snerta kynfæri brotaþola eða hana lim hans. Það hafi hún hins vegar haft eftir brotaþola.

Þegar þær voru saman á baðherberginu hafi brotaþoli sent skilaboð til vinar síns og beðið hann um að sækja þær. Hann hafi komið og þær hafi yfirgefið heimili ákærða og farið beinustu leið á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Sagði B brotaþola hafa grátið í bílnum, verið hrædda og í sjokki.

Aðspurð sagði hún þær ekki hafa drukkíð mikið áfengi umrætt kvöld. Kvaðst B hvorki geta sagt til um hvenær þær fóru í bæinn né hvenær þær hættu drykkju. B kvaðst ekki hafa þekkt til ákærða, þótt hún hafi vitað af honum, en hún sagði hann oft vera með svokallað flöskuborð í bænum. B kvaðst ekki geta sagt til um samskipti ákærða og brotaþola fyrir þetta kvöld. Sagði hún brotaþola aldrei hafa „hintað að kynlífi“ með ákærða umrætt sinn og að ljóst hafi verið að ekki væri í „planinu“ að stunda kynlíf.

B greindi svo frá að þegar þær hefðu komið í herbergi ákærða hefði blasað við þeim barnarúm, rimlarúm, og í því hefði verið barn sem hefði verið vakandi. Það hefði staðið upprétt í rúminu, hoppað upp og niður og kallað á mömmu sína. Þá sagði hún barnið hafa fíktað í mynd sem hafi hangið á vegg fyrir ofan barnarúmið. Aðspurð sagði hún barnið einungis hafa verið klætt í bleiu. B sagði aðra þeirra hafa spurt ákærða hvort einhver væri heima, en ákærði svarað því til að mamma barnsins væri stödd í miðbænum. Sagði hún ákærða hafa verið „með hræðilegan tón“ við barnið, sagt því að þegja og „ljótt við það“.

Vitnið sagði þær hafa verið bestu vinkonur á þessum tíma en séu það ekki lengur. Vinslitin tengist þó ekki þessu máli.

Vitnið kvaðst hafa munað atvik mun betur þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu og kvaðst þar hafa greint satt og rétt frá.

Vitnið M, móðir ákærða, sagðist hafa gætt sonar ákærða umrædda nótt og hefði drengurinn sofði í herbergi hennar á efri hæð hússins, í barnarúmi við hlið hjónarúms hennar og eiginmanns hennar heitins, og verið þar allt fram að morgni næsta dags. Sagði hún drenginn hafa sofnað á tímabilinu klukkan 8 til 9 um kvöldið. Aðspurð sagði hún drenginn almennt sofa í herbergi ákærða. Kvaðst vitnið muna atvik vel enda hefði verið skírn þennan dag, auk þess sem eiginmaður hennar hefði látist skömmu síðar. Þá kvaðst hún aðspurð „ekki þannig“ hafa orðið vör við ákærða, brotaþola og vitnið B umrædda nótt.

Læknir nr. N kvaðst hafa skoðað brotaþola við komu hennar á neyðarmóttöku Landspítala, en brotaþoli hefði komið þangað snemma morguns. Að sögn hefði vitnið B, sem hefði komið með brotaþola á neyðarmóttöku, greint frá atburðum sem læknir skráði hjá sér og las síðan upp fyrir brotaþola, sem staðfesti frásögnina sem rétta. Sagði hann að við skoðun hefðu ekki greinst ytri áverkar. Þó hefði greinst lítil og grunn sprunga við leggangaop. Sagði hann slíkar sprungur vel geta myndast við venjulegt samlíf fólks, en oftast myndist slíkar sprungur sé húð þurr eða viðkvæm og ekki þurfi mikið átak til að slíkar sprungur myndist. Sagði hann sprunguna vera „nýja og ferska“. Kvaðst læknirinn staðfesta skýrslu sína.

I sálfræðingur kvaðst starfa hjá áfallateymi Landspítala og hafa komið að málinu þegar brotaþola hafi verið vísað til hennar, en þá hafði brotaþoli þegar verið greind með áfallastreitu. Sagði hún brotaþola hafa mætt vel í meðferð, sem hafi gengið ágætlega, en slík meðferð sé mjög erfið, og alls hafi brotaþoli mætt í 24 skipti. Sagðist hún vera nokkuð vongóð um bata, án þess að hún gæti um það fullyrt, en brotaþoli hafi tekið framförum. Erfitt sé þó að segja til um meðferðarþörf hennar til frambúðar.

Greindi sálfræðingurinn frá því að lagðir hefðu verið matslistar fyrir brotaþola, sem hefði enn greinst með áfallastreitu. Sagði hún einkennin einkum vera endurminningar um áfallið, bæði ósjálfráðar sem og ef eitthvað veki þær upp. Þá hafi brotaþoli sýnt merki um „forðun“, breytta hugsun gagnvart sjálfri sér og öðrum, auk þess að finna til viðvarandi neikvæðra tilfinninga. Séu þetta allt einkenni sem samsvari áfallastreitu. Sagði hún brotaþola hafa komið sér fyrir sjónir sem mjög einlæg, hún sé samkvæm sjálfri sér, segi satt og rétt frá og upplifi einkenni í samræmi við frásögn hennar. Sagði hún rétt að brotaþoli hefði áður lent í áföllum, en ekkert benti þó til þess að fyrri áföll skýrðu þau einkenni sem greinir í vottorði

sálfræðingsins. Kvaðst hún aðspurð geta greint að áfallastreita brotaþola sé tilkomin vegna umrædds ætlaðs atviks.

C kvaðst hafa þekkt ákærða allt frá því að þeir voru saman í 8. bekk grunnskóla. Þeir séu vinir sem deili svipuðum áhugamálum. Sagði C að ákærði hefði hringt í sig umrædda nótt og beðið hann um að sækja sig við veitingastaðinn [...] við Ingólfstorg. Hafi þeir ekið saman í [...] og sótt þar tvær stúlkur, brotaþola og vinkonu hennar, B, sem að sögn hans hafi alls ekki verið drukknar. Hafi þau síðan ekið að heimili ákærða þar sem ákærði, brotaþoli og B hafi yfirgefið bifreiðina. Sagði hann lítið hafa verið rætt í bílferðinni.

Aðspurður kvaðst C ekki muna til þess að ákærði hefði farið á bráðadeild Landspítala þessa nótt, enda hefði hann ekkert á það minnst, en hann geti staðfest að hafa sótt ákærða „niðri í bæ“.

Sagðist C ekki hafa sett gjaldmæli bifreiðarinnar í gang, enda hafi þetta verið vinargreiði. Aðspurður sagði hann lögreglu ekki hafa óskað eftir myndskleiðum úr myndavélakerfi bifreiðarinnar, en þær upptökur væru nú glataðar, enda langt um liðið.

Aðspurður kvaðst C hafa sagt satt og rétt frá við skýrslutöku hjá lögreglu.

Vitnið, D, kvaðst hafa verið sofandi umrædda nótt þegar sími hans hafi hringt í um fimm eða sex skipti. Hann hafi ekki svarað símtölunum, enda hafi hann ekki vitað „hvað var í gangi“. Kvaðst hann þá hafa fengið fjölmörg skilaboð í símann, þar sem staðið hafi: „Hjálp, getur þú sótt mig. Getur þú reddað bíl. Getu þú reddað fari.“ Kvaðst D ekki hafa átt bíl á þessum tíma og hafi hann því tekið bíl foreldra sinna og sótt brotaþola og vitnið B. Sagði hann brotaþola hafa verið í „rosalega miklu tjóni“ og „þetta var rosa ýkt og þetta er rosa dramatískt“. Kvaðst hann ekki hafa vitað hvað hafi gerst, enda minni hann að brotaþoli hafi ekki greint frá því. Hann hafi þó merkt að brotaþola hafi liðið mjög illa, hún hafi verið „mjög særð“ og á „vondum stað“. Sagði hann brotaþola hafa grátið, hún hafi verið „mjög skelkuð og hrædd“. Aðspurður sagði hann að rétt væri þó frásögn hans hjá lögreglu þar sem hann segir brotaþola hafa greint sér frá því að henni hefði verið nauðgað.

D kvaðst í dag ekki muna hvert hann sótti stúlkurnar, en hann hafi fengið fyrirmæli frá þeim um að stöðva bifreiðina „aðeins fyrir ofan“ heimili ákærða. Hafi hann síðan ekið þeim á Landspítala við Hringbraut. Sagði hann brotaþola hafa sest í framsæti bifreiðarinnar og vitnið B í aftursæti. Sagði hann stúlkurnar ekki hafa verið mjög ölvaðar, ef til vill 2 til 3 á mælikvarðanum 1 til 10.

D kvaðst hafa stundað [...]nám í [...], þar sem hann hafi kynnst þáverandi bestu vinkonu brotaþola, O. Þau hafi verið mjög góðir vinir á þessum tíma, þótt þau hafi ekki verið „alveg bestu vinir“.

Aðspurður kvaðst D hafa sagt satt og rétt frá atburðum í skýrslutöku hjá lögreglu.

P hjúkrunarfræðingur sagðist hafa komið að málinu í vinnu sinni á neyðarmóttöku í febrúar 2023. Kvaðst hún staðfesta það sem greinir í skýrslu hennar. Hún kvaðst ekki geta greint nákvæmlega frá aðkomu sinni, enda sé langt um liðið og hún muni þetta illa.

IV

Forsendur og niðurstaða

Ákærða er í máli þessu gefin að sök nauðgun með því að hafa á heimili sínu tilgreint sinn, án samþykkis og með ólögmeðri nauðung haft samræði og önnur kynferðismök við brotaþola, A, með því að setja hönd brotaþola endurtekið á getnaðarlim sinn, stinga fingrum í leggöng hennar og hafa við hana samræði, en brotaþoli reyndi með orðum og athöfnum að fá ákærða til að láta af háttseminni. Er brot ákærða í ákæru heimfært undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur alfarið neitað sök.

Ákærða og brotaþola ber að mestu saman um aðdraganda þess að brotaþoli kom ásamt vinkonu sinni, vitninu B, á heimili ákærða snemma morguns umrætt sinn. Þá hafa þau bæði borið að hafa, ásamt vitninu B, setið og síðar legið saman á rúmi ákærða þar sem þau hafi kysst, eða „farið í sleik“ eins og brotaþoli hefur sjálf lýst. Þau eru hins vegar ekki á einu máli um það hvort hafi átt frumkvæðið að því.

Ákærði hefur lýst því svo að B hafi sofnað á rúmi ákærða, þar sem þau þrjú lágu saman, og hafi hann þá snúið sér að brotþola og þau byrjað að kyssast. Sagði ákærði það hafa verið að frumkvæði brotþola. Af framburði ákærða verður ráðið að þau atlot hafi án frekari formála leitt til þess að þau hafi byrjað að stunda kynmök. Sagðist ákærði hafa dregið buxur sínar niður að hnjám en brotþoli hafi sjálf lyft upp kjól sínum og dregið nærbuxur til hliðar. Þá hefur ákærði borið að „eftir smá stund“ hafi brotþoli viljað „stoppa“ og hafi hann þá þegar hætt samförum. Ákærði hefur jafnframt staðhæft að brotþoli hafi fyrir það engar vísbendingar veitt í þá veru að hún væri þessu mótfallin en sagði brotþola hafa sérstaklega haft orð á því hvort þau gætu ekki „stundað kynlíf hljóðlega“ þar sem vinkona hennar væri sofandi í rúminu. Ákærði kvað brotþola hafa snúið við honum baki og þau þannig átt samfarir. Ákærði sagði þó ekki útilokað að hann hafi einnig lagst ofan á brotþola og þau haft samfarir með þeim hætti.

Brotþoli hefur lýst atvikum svo að þau hafi „chillað“ saman á rúminu og síðar lagst þar saman. Lýsti hún því að ákærði hefði farið með hönd sína „inn á hana“ og snert kynfæri hennar, sem brotþoli kvaðst hafa verið mótfallin. Hafi hún spurt ákærða hvort þau gætu gert þetta síðar og hvort þau gætu til dæmis „hist á morgun“. Þá sagðist hún hafa bent ákærða á að við hlið þeirra lægi vinkona hennar, B. Sagðist brotþoli ítrekað hafa ýtt hendi ákærða í burtu en ákærði „byrjað alltaf aftur“ og jafnframt sett hönd hennar á getnaðarlim sinn. Hafi ákærði síðan lyft upp kjól brotþola, ýtt nærbuxum til hliðar „og byrjað bara“. Kvaðst brotþoli hafa grátið og frosið af hræðslu, en hún gæti ekki sagt til um það hvort ákærði og B hefðu heyrt grát hennar. Sagðist brotþoli hafa látið ákærða vita að hún vildi þetta ekki, til dæmis með því að segja við ákærða þegar við upphaf samfaranna: „getum við ekki gert þetta seinna?“ og „ég vil ekki gera þetta núna, gerum þetta seinna“. Þá lýsti brotþoli því að ákærði hafa hætt og sagt: „ok, hittumst þá á morgun“.

Fyrir liggur í málinu að brotþoli sendi fjölmörg textaskilaboð til vitnisins D þar sem hún virðist grátbiðja hann um að sækja sig þar sem hún vilji fara á slysavarðstofu og greinir honum jafnframt frá því að sér hafi verið nauðgað. Brotþoli leitaði strax í kjölfarið til neyðarmóttöku Landspítala þar sem hún undirgekkst lækni skoðun og staðfesti jafnframt lýsingu B á atvikum. Kemur fram í vottorði F kvensjúkdómalæknis, sem hann staðfesti fyrir dómi, að engir áverkar hefðu fundist á brotþola, utan smárrar sprungu við leggangaop sem hann sagði ekki sérstaklega til marks um að átökum hafi verið beitt við samfarirnar, en slíkar sprungur geti vel myndast við hefðbundið samlíf.

Að mati dómsins hafa brotþoli og ákærði bæði að mestu verið staðföst og samkvæm sjálfum sér í framburði sínum. Verður framburður þeirra því metinn trúverðugur, jafnvel þótt nokkurrar ónákvæmni gæti í framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi varðandi það hvort barnungur sonur hans hafi verið staddur í herbergi ákærða umrætt sinn, líkt og brotþoli og B hafa báðar borið um.

Samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 18. gr. sömu laga, er ásetningur skilyrði refsíabýrgðar. Í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar segir að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag. Verður að skýra skynsamlegan vafa ákærða í hag, sbr. 109. gr. sömu laga. Enn fremur greinir í 1. mgr. 111. gr. laganna að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð málsins fyrir dómi.

Að framan hefur verið lýst atvikum máls eins og þau horfa við ákærða og brotþola. Þá liggur fyrir að viðstödd var vitnið B, sem óumdeilt er að hafi legið í rúmi ákærða, upp við vegg, og snúið baki í ákærða og brotþola. Hefur hún staðhæft að brotþoli hafi greinilega látið í ljósi að hún væri mótfallin samförum. Hafi brotþoli meðal annars sagt við ákærða: „stopp, ég vil þetta ekki“, auk þess sem vitnið kvaðst hafa greint „neitunarhljóð“ frá brotþola. Sagði hún brotþola hafa sagt þetta nægilega hátt og skýrt.

Vitnið kvaðst þrátt fyrir þetta ekkert hafa aðhafst, enda hafi hún hafa „frosið“, verið hrædd og sagði líkama sinn hafa lamast.

Þegar horft er heildstætt til atvika allra, þar á meðal samskipta ákærða og brotaþola í aðdraganda samfaranna, verður að miða við að ákærði hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að brotaþoli hafi í fyrstu verið þeim samþykkt, enda þótt engin ástæða sé til að efast um upplifun brotaþola á atvikum. Þá verður af framburði ákærða og brotaþola ekki annað ráðið en að ákærði hafi þá nær samstundis hætt samförum.

Að mati dómsins þykir framburður brotaþola því ekki hafa þá stöð í gögnum málsins eða framburði vitna að nægi til þess, gegn neitun ákærða, að ákæruvaldið hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir, sbr. áðurgreind ákvæði 108. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu verður ekki hjá því komist að vísa einkaréttarkröfu brotaþola frá dómi með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

Í samræmi við 2. mgr. 235. gr. sömu laga og að niðurstöðu máls virtri greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Valgerðar Dísar Valdimarsdóttur lögmanns, eins og nánar í dómsorði greinir. Hefur við ákvörðun málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvalds fór Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari með málið. Dóm þennan kveður upp Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari, að gættu ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af ákæru í máli þessu.

Einkaréttarkröfu brotaþola, A, er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, 1.841.400 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Valgerðar Dísar Valdimarsdóttur lögmanns, 1.004.400 krónur.